



Fundargerð

17. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, fjarfundur

17. febrúar 2021, kl. 15:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Styrmir Gauti Fjeldsted, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ríkharður Ibsensson, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stafræn þróun - staða verkefna (2019110248)

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri þjónustu og þróunar, mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála varðandi stafræna þróun hjá Reykjaneshæ og samvinnu sveitarfélaga um stafræna þróun.

2. Betri Reykjaneshæ - framkvæmd hugmyndasöfnunar (2019100329)

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri þjónustu og þróunar, mætti á fundinn og kynnti tillögu um útfærslu á framkvæmd hugmyndasöfnunar á íbúavefnum Betri Reykjaneshæ.

Framtíðarnefnd samþykkir tillöguna og óskar eftir að gert verði ráð fyrir kostnaði að upphæð 30 milljónum króna í verkefnið og er því vísað til bæjarráðs. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist 15. mars nk.

3. Uppbygging innviða fyrir rafbíla í Reykjaneshæ (2020090208)

Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra fór yfir málið og er henni falið að vinna það áfram.

4. Menningarstefna Reykjaneshæjar – drög til umsagnar (2019051729)

Drög að menningarstefnu Reykjaneshæjar 2020-2025 lögð fram. Menningar- og atvinnuráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Framtíðarnefnd lýsir yfir ánægju með menningarstefnuna en telur að leggja mætti meiri áherslu á að byggt verði á menningararfi sveitarfélagsins til að skapa Reykjaneshæ sérstöðu.

5. Þjónustu- og gæðastefna Reykjaneshæjar - drög til umsagnar (2021020193)

Drög að þjónustu og gæðastefnu Reykjaneshæjar lögð fram. Bæjarráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Málinu er frestað til næsta fundar framtíðarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:35.